

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 15

5. árgangur

16.4.1998

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/15/01	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1157 - Skanska/Scancem) .....	1
98/EES/15/02	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.958 - Watt AG (II)) .....	2
98/EES/15/03	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1031 - Jardine/Appleyard) .....	2
98/EES/15/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1072 - Bertelsmann/Burda/Futurekids) .....	3
98/EES/15/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1106 - Bayerische Vereinsbank/FGH Bank) .....	3
98/EES/15/06	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1060 - Vendex/KBB) .....	4
98/EES/15/07	Tilkynning um samning (Mál nr. IV/36.896 - TNN Network) .....	4

98/EES/15/08	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 40/95 - Þýskaland .....	5
98/EES/15/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 73/97 - Frakkland .....	5
98/EES/15/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 77/97 - Austurríki .....	6
98/EES/15/11	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki .....	6
98/EES/15/12	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 9. 3. til 20. 3. 1998 .....	8
98/EES/15/13	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	9
<b>3. Dómstóllinn</b>		
98/EES/15/14	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna .....	10
98/EES/15/15	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi .....	13

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1157 - Skanska/Scancem)

98/EES/15/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. 4. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Skanska AB, Svíþjóð, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Scancem AB, Svíþjóð, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Skanska AB: byggingarstarfsemi, framleiðsla og dreifing á byggingarvörum, og jafnframt umsjón með fasteignum,
  - Scancem AB: framleiðsla og dreifing á byggingarvörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 116, 16. 4. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1157 - Skanska/Scancem, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.958 - Watt AG (II))****98/EES/15/02**

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M0958. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.1031 - Jardine/Appleyard)****98/EES/15/03**

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 11. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1031. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**  
**(Mál nr. IV/M.1072 - Bertelsmann/Burda/Futurekids)**

98/EES/15/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. 1. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1072. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**  
**(Mál nr. IV/M.1106 - Bayerische Vereinsbank/FGH Bank)**

98/EES/15/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. 3. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1106. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1060 - Vendex/KBB)****98/EES/15/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. mars 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Vendex öðlast yfirráð yfir KBB með hlutabréfakaupum.
2. Þann 27. mars 1998 var tilkynningin lýst ófullnægjandi. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram tilskildar viðbótarupplýsingar. Tilkynningin varð fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 3. apríl 1998. Þar af leiðandi öðlaðist tilkynningin gildi 3. apríl 1998.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 111, 9. 4. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1060 - Vendex/KBB, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

**Tilkynning um samning  
(Mál nr. IV/36.896 - TNN Network)****98/EES/15/07**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. janúar 1998 tilkynning í samræmi við 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(2)</sup> um samning milli Tele Danmark A/S, Telenor Bedrift AS og Telenordia AB.
2. Tilkynnti samstarfssamningurinn varðar uppsetningu og rekstur á norrænu breiðbandsneti, TeleNordic Nordic - Customer Broadband Network (TNN Network) og um sölu samningsaðilanna á gagnaflutningsþjónustu milli Norðurlandanna um breiðbandið sem grundvallast á heildarinnkaupum og heildarreikningsgerð (one stop-shopping/one stop-billing).
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaðan samning á framfæri við sig.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 12. 1962, bls. 204/62.

5. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 20 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjttíð. EB nr. C 111, 9. 4. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 70 81) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.896 - TNN Network, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 3/69  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

tölvupóstfang: Laurence.De-Wit@dg4.cec.be  
Internet DG IV: <http://europa.eu.int/comm/dg04/dg4home.htm>

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 40/95**  
**Þýskaland**

**98/EES/15/08**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar þýska ríkisins við timburvinnsluna Glunz AG (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 109 frá 8. 4. 1998).

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 73/97**  
**Frakkland**

**98/EES/15/09**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem frönsk yfirvöld veittu fyrirtækinu Stardust Marine í gegnum Altus Finance, sem tilheyrir samstæðunni Crédit Lyonnais og Consortium de Réalisations (CDR), sem er aðskilið fyrirtæki til að stjórna eignum Crédit Lyonnais sem tap er á, einkum í tengslum við viðbótarfjármagn í fjórum hlutum sem nemur alls 504,8 milljónum FF, og hvað varðar skilyrði fyrir sölunni á Stardust Marine til F.G. Marine, sem hugsanlega felur í sér aðstoð við kaupandann (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
Rue de la Loi/Wetstraat 200  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 77/97**  
**Austurríki**

**98/EES/15/10**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar við austurríska fyrirtækið LiftgmbH (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 109 frá 8. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
Rue de la Loi/Wetstraat 200  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Austurríki.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/15/11**  
**Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um ríkisaðstoð við skipasmíðaiðnaðinn, ríkisaðstoð nr. N 163/97 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 107 frá 7. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingu á spænskri áætlun um ríkisaðstoð við skipasmíðaiðnaðinn árið 1997, ríkisaðstoð nr. N 254/97 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 107 frá 7. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska áætlun um ríkisaðstoð til að stuðla að orkunýtni og draga úr mengun, ríkisaðstoð nr. N 20/97 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 107 frá 7. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt gríska áætlun um ríkisaðstoð í þágu fyrirtækisins Halvourgia Thessalias S.A., ríkisaðstoð nr. N 154/97 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 107 frá 7. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska áætlun um ríkisaðstoð til að efla útflutning, ríkisaðstoð nr. NN 76/95 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 107 frá 7. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um ríkisaðstoð til að bæta vinnslu og fyrirkomulag markaðssetningar í fiskiðnaðinum, ríkisaðstoð nr. N 854/B/97 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 107 frá 7. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um ríkisaðstoð í tengslum við milliliðalausa markaðssetningu á fiskafurðum, ríkisaðstoð nr. N 847/97 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 107 frá 7. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fjárhagslegar aðgerðir Breska konungsríkisins vegna einkavæðingar á Devonport Royal Dockyard, ríkisaðstoð nr. N 602/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fjárhagslegar aðgerðir Breska konungsríkisins vegna einkavæðingar á Crown Agents for Oversea Governments and Administrations, ríkisaðstoð nr. N 64/97 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska áætlun um ríkisaðstoð vegna svæðapróunar í héraðinu Hainaut, ríkisaðstoð nr. N 608/97 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).



Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska áætlun um ríkisaðstoð vegna almennra fjárfestingarverkefna í héraðinu Fiuli-Venezia Giulia, ríkisaðstoð nr. N 807/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um ríkisaðstoð til að stuðla að öflun eignarhluta í fyrirtækjum í Saarland og Nordrhein-Westfalen, ríkisaðstoð nr. N 320/B/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um ríkisaðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem starfa á sviði ferðamála í Doñana, Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 388/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um ríkisaðstoð vegna rannsókna og þróunar í Castilla y León, ríkisaðstoð nr. N 766/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt gríska áætlun um ríkisaðstoð til að hrinda í framkvæmd rekstraráætluninni PESCA á tímabilinu 1994-1999, ríkisaðstoð nr. N 660/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska áætlun um ríkisaðstoð vegna smíði fiskiskipa, ríkisaðstoð nr. N 73/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á ítalskri aðstoð í formi ríkisábyrgðar til að bjarga samstæðunni Gruppo Fochi, ríkisaðstoð nr. N 71/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð vegna einkavæðingar og endurskipulagningar á fyrirtækinu Coswig GmbH, ríkisaðstoð nr. N 859/96 og NN 50/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska ríkisaðstoð til menningarmála (kvikmyndaframleiðsla og framleiðsla sjónvarpsþátta, ríkisaðstoð nr. N 32/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska ríkisaðstoð til að endurnýta plast, ríkisaðstoð nr. N 382/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð við rannsóknir, þróun og prófun í tengslum við nýsköpun í tengslum við upplýsinga- og fjarskiptatækni í fylkinu Berlín, ríkisaðstoð nr. N 709/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til að auka vernd gegn loftmengun sem leiðir af orkuframleiðslu í Brandenburg, ríkisaðstoð nr. N 764/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 111 frá 9. 4. 1998).

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 9. 3. til 20. 3. 1998**

98/EES/15/12

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu fjöldi
COM(98) 98	CB-CO-98-116-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að tilskipun ráðsins um skráningu og notkun í bandalaginu á ákveðnum gerðum þota sem fljúga undir hljóðhraða sem hefur verið breytt og sem fengið hafa nýja vottun í samræmi við staðlana í 3. kafla, II. hluta, I. heftis í 16. viðauka við Alþjóðaflugmálasáttmálann, þriðja útgáfa (júlí 1993)	9.3.1998	9.3.1998	14
COM(98) 162	CB-CO-98-161-EN-C	Endurskoðuð tillaga að tilskipun ráðsins um að vernda heilsu og öryggi launþega gegn hættu sem stafar af kemískum efnum á vinnustað (fjórtaða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)	10.3.1998	11.3.1998	44
COM(98) 78	CB-CO-98-146-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um endursöluvétt í þágu höfundar listaverks	12.3.1998	12.3.1998	24
COM(98) 167	CB-CO-98-167-EN-C	Skýrsla til ráðsins og Evrópuþingsins um samræmingarkröfur  Tilskipun 96/92/EB um sameiginlegar reglur fyrir innri markaðinn hvað varðar rafmagn	16.3.1998	16.3.1998	15
COM(98) 145	CB-CO-98-149-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um rannsóknir á vanda sem tengist stjórnun á veiði á einni fisktegund - „svæðisbundnir“ fundir framkvæmdastjórnarinnar á árinu 1997	18.3.1997	18.3.1998	9
COM(98) 170	CB-CO-98-169-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um aðra breytingu á tilskipun 90/394/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað	18.3.1998	18.3.1998	19
COM(98) 174	CB-CO-98-171-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu á kröfum um próf öryggisráðgjafa á sviði flutninga hættulegra efna á vegum, járnbrautum eða skipgengum vatnaleiðum	19.3.1998	19.3.1998	11
COM(98) 188	CB-CO-98-195-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsinsvarðandi:  1. tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um um samræmingu laga aðildarríkjanna um matvæli og innihaldsefni sem meðhöndluð eru með jónandi geislun, og  2. tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um um gerð skrár bandalagsins yfir matvæli og innihaldsefni sem meðhöndluð eru með jónandi geislun  til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 189. gr. a í EB-sáttmálanum	19.3.1998	20.3.1998	7

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

**98/EES/15/13**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>98-0042-P</b>	Sameiginlegur úrskurður um kröfur um öryggi á leikvöllum og útivistarsvæðum	<sup>(3)</sup>
<b>98-0048-A</b>	Kröfur um gæði efna sem eru notuð við smíði vatnsvirkja á þéttbýlissvæðum, útgáfa frá 7. 8. 1997	<sup>(4)</sup>
<b>98-0049-A</b>	Forskriftir fyrir smíði vatnsvirkja á þéttbýlissvæðum, LB-SW, útgáfa 0004	<sup>(4)</sup>
<b>98-0080-FIN</b>	Hljóðeinangrun og hávaðaefntilrit í byggingum í hópi C1, reglur og leiðbeiningar	<b>19.5.1998</b>
<b>98-0081-B</b>	Ráðherrafyrirmæli um breytingu á ráðherrafyrirmælum frá 13. apríl 1977 um gæðamerkingu á smjöri	<b>20.5.1998</b>
<b>98-0082-D</b>	Fyrirmæli um ræktunarbúnað fyrir grænmeti, ávexti og skrautjurtir og um ógildingu á fyrirmælum um eftirlit með veirusjúkdómum við ræktun ávaxta	<b>25.5.1998</b>
<b>98-0083-S</b>	Drög að reglugerðum geislavarna ríkisins um ljósalampa	<b>25.5.1998</b>
<b>98-0084-D</b>	Drög að elleftu breytingu á fyrirmælum um öryggi skipa (11.ÄndV zur SchSV)	<b>25.5.1998</b>
<b>98-0085-NL</b>	Drög að úrskurði um kadmíum Wms 1998	<b>28.5.1998</b>
<b>98-0086-NL</b> <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> <sup>(5)</sup>	Breyting á reglum um tímabundna aðstoð vegna sjálfbærra bygginga	<sup>(4)</sup>

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

**98/EES/15/14**

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 15. janúar 1998 í máli C-292/96 (beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Düsseldorf): Göritz Intransco International GmbH gegn Hauptzollamt Düsseldorf (tollreglur bandalagsins - umflutningsfyrirkomulag - einfaldað ferli - staða viðurkennds vörusendanda - skilyrði fyrir starfsleyfi).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 29. janúar 1998 í máli C-346/96 (beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Eerste Aanleg, Brussel): Belgisch Interventie- en Restitutiebureau gegn Prolacto NV (sameiginleg stefna í landbúnaðarmálum - matarhjálp - afhending á undanrennudufti - sammingsbrot sammingsaðila - tap á tryggingu - greiðsla viðbótarkostnaðar vegna nýs útboðs - uppsöfnun).

Dómur dómstólsins frá 10. febrúar 1998 í máli C-263/95: Sambandslýðveldið Þýskaland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samræming á lögum - byggingarvörur - fastanefnd um byggingar).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. febrúar 1998 í máli C-92/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Spáni (vanefnd skuldbindinga - tilskipun 76/160/EBE - gæði baðvatns).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. febrúar 1998 í máli C-139/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu (vanefnd skuldbindinga - vanefnd á að taka tilskipun 94/2/EB upp í landslög).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 12. febrúar 1998 í máli C-144/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi (vanræksla aðildarríkis á skyldum sínum - tilskipun 92/74/EBE).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 19. febrúar 1998 í máli C-309/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn ráði Evrópusambandsins, með stuðningi lýðveldisins Frakklands (sérstakur styrkur til framleiðenda borðvína í Frakklandi).

Dómur dómstólsins frá 19. febrúar 1998 í máli C-4/96 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice in Northern Ireland, Queen's Bench Division): Northern Ireland Fish Producers' Organisation Ltd (NIFPO) og Northern Ireland Fishermen's Federation gegn Department of Agriculture for Northern Ireland (fiskveiðar - Den Haag-forgangsréttur - leyfilegur heildaraflí - þorskur og lýsa - heimild samkvæmt löggjöf bandalagsins - takmarkaður stöðugleiki - reglan um meðalhóf og jafna meðferð).

Fyrirmæli dómstólsins (fyrsta deild) frá 15. janúar 1998 í máli C-196/97 P: Intertronic F. Cornelis GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (órökstudd áfrýjun).

Fyrirmæli dómstólsins (fjórða deild) frá 5. febrúar 1998 í máli C-30/96 P: Giovanni Battista Abello o.fl. og Gerhard Riesch gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi ráðs Evrópusambandsins (embættismenn - launaseðlar - reglugerðir (EBE) nr. 3761/92, 3765/92 og 3766/92 - mál ekki dómtækt).

Mál C-434/97: Mál höfðað þann 22. desember 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-436/97 P: Áfrýjað var þann 29. desember 1997 af Deutsche Bahn AG dómi uppkveðnum þann 21. október 1997 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild með auknum fjölda dómara) í máli T-229/94 milli Deutsche Bahn AG og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjttíð. EB nr. C 94, 28. 3. 1998.

Mál C-441/97 P: Áfrýjað var þann 30. desember 1997 af Wirtschaftsvereinigung Stahl, Thyssen Stahl AG, Preussag Stahl AG og Hoogovens Staal BV dómi uppkveðnum þann 24. október 1997 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild með auknum fjölda dómara) í máli T-244/94 milli Wirtschaftsvereinigung Stahl, Thyssen Stahl AG, Preussag Stahl AG og Hoogovens Groep BV og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi ráðs Evrópusambandsins, lýðveldisins Ítalíu og Ilva Laminati Piani SpA.

Mál C-10/98 P: Áfrýjað var þann 16. janúar 1998 af Azienda Agricola "Le Canne" Srl, sem er hlutafélag samkvæmt ítölskum lögum með staðfestu í Porto Viro, dómi uppkveðnum þann 7. nóvember 1997 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-218/95 milli Azienda Agricola "Le Canne" Srl og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-13/98: Beiðni um forúrskurð frá Commissione Tributaria Provinciale di Firenze, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 23. janúar 1998 í máli CSAR Centro Servizi Acciai Rivestiti SpA gegn Direzione Regionale per le Entrate della Toscana og Ufficio delle Imposte Dirette di Firenze.

Mál C-15/98: Mál höfðað þann 22. janúar 1998 af lýðveldinu Ítalíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-16/98: Mál höfðað þann 22. janúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-17/98: Beiðni um forúrskurð frá forseta Arrondissementsrechtbank, Den Haag, samkvæmt ákvörðun frá 19. desember 1997 í máli Emesa Sugar (Free Zone) NV gegn 1. hollenska ríkinu, 2. Hoofproductschap voor Akkerbouwproducten og 3. Aruba.

Mál C-18/98: Mál höfðað þann 23. janúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Spáni.

Mál C-19/98: Mál höfðað þann 23. janúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Spáni.

Mál C-20/98: Beiðni um forúrskurð frá Unabhängiger Verwaltungssenat Salzburg, samkvæmt ákvörðun þeirrar stofnunar frá 21. janúar 1998 í máli Karl-Heinz Meinert gegn Bezirkshauptmannschaft Salzburg-Umgebung.

Mál C-22/98: Beiðni um forúrskurð frá Hof van Beroep, Gent, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 15. janúar 1998 í máli Openbaar Ministerie gegn Jean Claude Becu, Annie Verweire, NV Smeg og NV Adia Interim.

Mál C-23/98: Beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad, Hollandi, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 12. nóvember 1997 í máli Staatssecretaris van Financiën gegn J. Heerma og fyrirtækinu J. Heerma og K.Heerma-Graanstra.

Mál C-25/98: Beiðni um forúrskurð frá Juzgado de lo Social No 1, Santiago de Compostela, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 13. janúar 1998 í máli Dorinda Teresa López Tourís gegn Instituto Nacional de Empleo og Instituto Nacional de la Seguridad Social.

Mál C-27/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesvergabeamt, samkvæmt ákvörðun þeirrar stofnunar frá 27. janúar 1998 í máli Bietergemeinschaft: 1. Metalmeccanica Fracasso SpA og 2. Leitschutz Handels- und Montage GmbH gegn Amt der Salzburger Landesregierung.

Mál C-28/98 og C-29/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance de Thionville samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 21. mars 1997 í máli Marc Charreire gegn Directeur des Services Fiscaux de la Moselle og Jean Hirtsmann gegn Directeur des Services Fiscaux de la Moselle.

Mál C-30/98: Beiðni um forúrskurð frá Landgericht Berlin, 35. einkamáldeild, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 4. nóvember 1997 í máli VR-Leasing GmbH gegn Margit Bertram.

Mál C-31/98: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht München samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 22. janúar 1998 í máli Peter Luksch gegn Hauptzollamt Weiden.

Mál C-32/98: Mál höfðað þann 11. febrúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-33/98: Mál höfðað þann 12. febrúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-34/98: Mál höfðað þann 12. febrúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-72/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Regno di Spagna.

Mál C-120/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Düsseldorf): FRUKO-Handelsgesellschaft mbH gegn Hauptzollamt Emmerich.

Mál C-300/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Schleswig-Holsteinisches Verwaltungsgericht): Erika Reimer gegn Amt für Land- und Wasserwirtschaft Flensburg.

Mál C-345/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Landesarbeitsgericht Niedersachsen): Landeshauptstadt Hannover gegn Almut Sattler.

Mál C-414/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Hamburg): Mechthild Kehrl gegn Allgemeine Ortskrankenkasse Hamburg, meðalgöngumaður: Bundesanstalt für Arbeit.

Mál C-79/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht München): Happy Sports Michl OHG gegn Finanzamt Landshut.

Mál C-99/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Wien): Verein zur Förderung des freien Wettbewerbs im Medienwesen gegn TV Spielfilm Verlag Gesellschaft mbH.

Mál C-135/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Wien): Verein zur Förderung des freien Wettbewerbs im Medienwesen gegn MVF Magazin-Verlag am Flestrand Gesellschaft mbH.

Mál C-223/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Bundesvergabeamt): HDM Flugservice GesmbH gegn Hauptverband der österreichischen Sozialversicherungsträger.

Mál C-314/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Wien): Verein zur Förderung des freien Wettbewerbs im Medienwesen gegn Bauer Spezialzeitschriften Verlag KG.

Mál C-146/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-100/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-267/96 tekið af málaskrá: Lýðveldið Frakkland, með stuðningi Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, gegn Evrópuþinginu.

Mál C-58/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-68/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu.

**Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup> 98/EES/15/15**

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 4. febrúar 1998 í máli T-246/93: Günther Bühring gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (skaðabótamál - ósamningsbundin ábyrgð - mjólk - viðbótargjöld - viðmiðunarmagn - breytt fyrirtæki - nauðungarsala á bújörð - tjón - orsakarsamband - fyrningarfrestur).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 27. janúar 1998 í máli T-67/94: Ladbroke Racing Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðgerð til ógildingar - ríkisaðstoð - veðhlaupamarkaðurinn - 1. og 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans - skilgreining á aðstoð - skattaáðgerðir - endurgreiðsluskylda).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 4. febrúar 1998 í máli T-93/95: Bernard Laga gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðgerð til ógildingar - bætur til mjólkurframleiðenda - reglugerð (EBE) nr. 2187/93 - bætur sem boðnar eru - áðgerðir innlendra yfirvalda - eftirlit - valdsvið - skaðabótamál - mál dómtækt).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 4. febrúar 1998 í máli T-94/95: Jean-Pierre Landuyt gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðgerð til ógildingar - bætur til mjólkurframleiðenda - reglugerð (EBE) nr. 2187/93 - bætur sem boðnar eru - áðgerðir innlendra yfirvalda - eftirlit - valdsvið - skaðabótamál - mál dómtækt).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. janúar 1998 í máli T-97/95: Sinochem National Chemicals Import & Export Corporation gegn ráði Evrópusambandsins (aðgerðir gegn undirboðum - furfuraldehýð - þættir sem réttlæta rannsókn - meginreglan um meðalhóf - tjón - synjun fyrirtækis - reglugerð (EBE) nr. 2423/88).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. janúar 1998 í máli T-113/96: Édouard Dubois et Fils SA gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ósamningsbundin ábyrgð - einingarlög Evrópu - tollverðir).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 6. febrúar 1998 í máli T-124/96: Interporc Im- und Export GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/90/KSE, EB, KBE um almennan aðgang að skjölum framkvæmdastjórnarinnar - ákvörðun um að synja um aðgang að skjölum - verndun almennra hagsmuna (dómsmál)).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 3. febrúar 1998 í máli T-68/96: Dimitrios Polyvios gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (fiskveiðar - fjárstuðningur bandalagsins vegna verkefna fyrirtækja um sameiginlegt verkefni - reglugerð (EBE) nr. 4028/86 - ósamningsbundin ábyrgð - máli vísað frá).

Mál T-293/97: Mál höfðað þann 19. nóvember 1997 af Elta GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-302/97: Mál höfðað þann 5. desember 1997 af AZ Com S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-303/97: Mál höfðað þann 5. desember 1997 af S.P.R.L. Ecole de Maîtrise Automobile gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-304/97: Mál höfðað þann 8. desember 1997 af W.J.C. Hilsdon gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-305/97: Mál höfðað þann 8. desember 1997 af Jimmy Hull gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(<sup>1</sup>) Sjá Stjtið. EB nr. C 94, 28. 3. 1998.

Mál T-306/97: Mál höfðað þann 8. desember 1997 af M.C. Lewis, M.A. Lewis og D.C. Lewis gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-307/97: Mál höfðað þann 8. desember 1997 af B.G.S. Rowlands og E.H.S. Rowlands gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-308/97: Mál höfðað þann 8. desember 1997 af J. Ward, B. Ward og frú M. Lewis gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-311/97: Mál höfðað þann 10. desember 1997 af Pescados Congelados Jogamar S.L. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-612/97: Mál höfðað þann 29. desember 1997 af Cordis Obst und Gemüse Grosshandel GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-614/97: Mál höfðað þann 31. desember 1997 af Aduanas Pujol Rubio, SA o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Sameinuð mál T-615/97 - T-618/97: Mál höfðað þann 31. desember 1997 af Alberny Frères o.fl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og ráði Evrópusambandsins.

Sameinuð mál T-620/97 - T-627/97: Mál höfðað þann 24. desember 1997 af S.P.R.L. Noël Boone o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-10/98: Mál höfðað þann 16. júlí 1997 af Società E-Quattro gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-12/98: Mál höfðað þann 9. janúar 1998 af Argon s.r.l. o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-13/98: Mál höfðað þann 9. janúar 1998 af Carlo Chiappe o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-15/98: Mál höfðað þann 14. janúar 1998 af Centre d' Action Culturelle du Sart-Tilman a.s.b.l. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-16/98: Mál höfðað þann 16. janúar 1998 af Wirtschaftsvereinigung Stahl o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-17/98: Mál höfðað þann 14. janúar 1998 af F gegn Evrópuþinginu.

Mál T-22/98: Mál höfðað þann 21. janúar 1998 af Scottish Soft Fruit Growers Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.



